



19. mars 2024

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 787. mál á 154. löggjafarþingi**

*Stjórnsýslulög (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins)*

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi því að sjálfstæðum stjórnsýslunefndum verði tryggð skýr heimild til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins eins og er lagt til með ofangreindu frumvarpi. EFTA-dómstóllinn hefur reyndar í málum E-7/19 og E-8/19 tekið af allan vafa um að slíkar nefndir geti leitað ráðgefandi álits dómstólsins. Þrátt fyrir það hafa slíkar nefndir hér á landi ekki talið mögulegt að leita ráðgefandi álits, þar sem heimild til þess samkvæmt íslenskum lögum (nr. 21/1994) sé aðeins bundin við dómstóla. Til að gera þeim þetta kleift þarf því að lögfesta slíka heimild.

Sem dæmi má nefna að fram kom í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 13. október 2020 í máli nr. 11/2019 að nefndin hefði íhugað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins (sjá 58. mgr.), en hætt við það þar sem hún taldi ekki fyrir að fara skýrri lagaheimild í íslenskum lögum til að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins, gegn vilja kæranda. Málið laut að því hvort skilmálar Íslandsbanka um breytilega vexti neytendalána væru lögmætir, sem er án efa langstærsta hagsmunamál íslenskra neytenda um þessar mundir. Nefndin staðfesti þá niðurstöðu Neytendastofu að umræddir skilmálar væru ólögmætir. Bankinn vildi ekki una úrskurðinum og bar hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur sem felldi hann úr gildi 31. janúar 2022. Neytendastofa áfrýjaði málinu til Landsréttar 24. febrúar 2022 og fór þess á leit við Landsrätt 12. maí 2022 að tekin yrði afstaða til þess hvort leita ætti ráðgefandi EFTA-dómstólsins. Landsrétturn féllst á það 23. apríl 2023 og lagði fram beiðni þar að lútandi til EFTA-dómstólsins 1. júní 2023. Málið hefur nú verið flutt fyrir EFTA-dómstólnum og er beðið eftir áliti hans. Af þessari tímalínu málsins má ráða að það kunnist að hafa lengt um hátt í þrjú ár þann sem tíma sem nú þegar hefur þurft að bíða eftir þessu mikilvæga áliti, með tilheyrandi réttaróvissu.

Eins og framangreint dæmi sýnir vel er nauðsynlegt að lögfesta heimild sjálfstæðra stjórnsýslunefnda til að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins, ekki síst áfrýjunarnefndar neytendamála þar sem nánast öll mál sem hún tekur til meðferðar tengjast EES-reglum. Hagsmunasamtök heimilanna eru því eindregið fylgjandi ofangreindu frumvarpi og hvetja til þess að það verði samþykkt sem fyrst.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is